

Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti

Sölvhólsgrötu 7
101 REYKJAVÍK

Reykjavík 16. mars 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til nýrra umferðarlaga

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til frumvarps til nýrra umferðarlaga sem birt hefur verið til umsagnar. SFF fagna áformum um endurskoðun á umferðarlögum þar sem mikilvægasta úrlausnarefnið er að tryggja umferðaröryggi og uppfæra gildandi ákvæði til samræmis við reynslu síðastliðinna áratuga og þróunar í umferðarmálum. Eftirfarandi eru helstu athugasemdir SFF um frumvarpið.

Frumvarp til umferðarlaga og frumvarp til laga um ökutækjatriyggingar verði lögð fram samhliða

Eins og SFF hafa áður áréttáð þá telja samtökin afar mikilvægt að frumvarp til umferðarlaga og frumvarp til laga um ökutækjatriyggingar verði lögð fram samhliða. Nauðsynlegt er að tryggja samræmi á milli þessara tveggja frumvarpa enda eru þau nátengd en í dag eru ákvæði um ökutækjatriyggingar hluti af umferðarlögum. Mikilvægt er að gæta samræmis á milli skilgreininga í báðum frumvörpunum og tryggja að ákvæði um skráningu ökutækja í umferðarlögum og ákvæði um váttryggingaskyldu í lögum um ökutækjatriyggingar séu unnin samhliða og að samræmi sé á milli þeirra. Það þarf að vera hægt að bera þessi tvö frumvörp saman þegar þau verða lögð fram og má sem dæmi nefna að fyrst þegar frumvarp til umferðarlaga og frumvarp til laga um ökutækjatriygginga voru lögð fram var ekki skýrt hvaða ökutæki skyldu vera ábyrgðartryggð samkvæmt frumvörpunum. Nauðsynlegt er að skráningarskylda ökutækis sé samtengd við váttryggingar- og skoðunarskyldu ökutækis. SFF leggja því ríka áherslu á að þessi tvö frumvörp verði unnin samhliða.

Að því sögðu vilja SFF koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Fjarlægð milli ökutækja

Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins skal ökutæki, sem ekið er á eftir öðru ökutæki, vera svo langt frá því að eigi sé hætt á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Skal þess að jafnaði gætt að það taki eigi minna en 3 sekúndur að aka bilið milli ökutækjanna. SFF gera athugasemd við að miðað sé við 3 sekúndur. Telja verður verulegum vandkvæðum bundið að framfylgja reglu um 3 sekúndur á milli ökutækja og erfitt að sjá hvernig á að meta hvort ökumaður hafi fylgt þessari reglu ef til árekstrar kemur.

Akstur við biðstöð almenningsvagna o.fl.

Í 2. mgr. 20. gr. er að finna nýja reglu um akstur við biðstöð almenningsvagna. Samkvæmt málsgreininni þá gilda ákvæði 1. málsl. 1. mgr. ekki við biðstöð almenningsvagna þegar hámarkshraði er meiri en 50 km á klst. SFF eru ósammála þessari tilhögun og telja hana skapa meiri hættu í umferðinni og hún samræmist ekki markmiði um umferðaröryggi og er einungis til þess fallin að valda ruglingi. Í dag er ekki mikið um árekstra við þessar aðstæður og ekki er ástæða til að breyta reglunni frá núverandi ástandi.

Skilyrði til að mega stjórna ökutæki

Samkvæmt 5. mgr. 55. gr. er heimilt að neita þeim um ökuskríteini sem háður er notkun ávana- og fíkniefna og annarra sljógandi efna. SFF telja að hér ætti einnig að telja upp áfengi, enda ekki um minni áhættu fyrir umferðaröryggi að ræða þegar fólk undir áhrifum áfengis stjórnar ökutæki en þegar um önnur ávana og fíkniefna er um að ræða.

Heimild til að leggja á gjald vegna notkunar negldra hjólabarða

SFF leggjast gegn því að heimilt sé að leggja á gjald vegna notkunar negldra hjólabarða eins og lagt er til í 4. mgr. 82. gr. SFF telja að út frá umferðaröryggissjónarmiðum sé það ótækt að takmarka rétt einstaklinga til að meta hvers konar hjólabarða þeir telja nauðsynlega til að tryggja öryggi sitt í umferð. Á flestum stöðum utan höfuðborgarsvæðisins þar sem oft eru farnar langar vegalengdir til vinnu og skóla er nauðsynlegt að vera á negldum hjólbörðum. Það er einnig nauðsynlegt öryggistæki fyrir bílaleigur sem leigja út bíla til fólks sem er óvant því að keyra við íslenskar aðstæður. Við ákveðin akstursskilyrði eru nagladekk öruggasti kostur fyrir öll ökutæki í umferð. Slík akstursskilyrði geta skapast jafnt innanbæjar sem utanbæjar en þó sérstaklega í dreifðari byggðum landsins. Það að takmarka notkun slíks öryggisbúnaðar með gjalddöku er líklegt til að draga úr notkun á þessum öryggisbúnaði og ákvæðið því í andstöðu við meginmarkmið umferðarlaga um aukið umferðaröryggi. Markmiðið með ákvæðinu virðist fyrst og fremst vera það að draga úr svifryksmengun vegna umferðar á höfuðborgarsvæðinu. Hægt er að draga verulega úr slíkri mengun með öðrum leiðum t.d. með því að hreinsa götur reglulega.

SFF eru hvenær sem er tilbúin að koma á fund ráðuneytisins til að ræða framangreindar athugasemdir.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja

Vigdís Halldórsdóttir, lögfræðingur